

Fundur 8.5.2023 Jarek frá Mesapótamíu.

Komið þið sælir.

*Já komdu sæll og góða kvöldið.*

Heilsa ég ykkur og er nú öflugri en áður og minnið orðið betra og er það gleðiefni að það hafi tekist að vinna bug á þeim erfiðleikum sem voru við að etja.

Og get ég nú séð æfi mína og er ekki það sama að segja um alla úr mínum hópi, hefur það tekið mig nokkurn tíma að venjast stjörnusambandsstöðvum þessum og var ég mjög óttasleginn í fyrstu þar sem ég hafði lært strangar reglur og það var fast í reynslu minni að ekki mætti nota neinar slíkar aðferðir sem bannaðar yrðu í því ríki sem ég tilheyrði.

En fögnuðurinn er líka mikill þegar æfafornt frelsi er enduheimt á ný og möguleikarnir á því að taka eigin ákvarðanir og ganga frjáls um jörðina í efniskenndum líkama og meta sjálfan sig í samanburði við aðra og taka ákvarðanir um hvað næsti dagur á að bera í skauti sér.

Á þeim tíma sem ég kom á þennan hnött, hef ég verið upptekinn við það að veita upplýsingar eftir því sem minni mitt hefur orðið betra og er hægt að meta út frá því hvað er að gerast þar sem svipaðir atburðir eiga sér stað.

Og tel ég mig heppinn að það tókst að endurheimta minni mitt, en margir af þeim sem vaktir voru upp hafa hörfað aftur í ástand sinnuleysis og dofa og ekki hefur tekist að koma á samhæfingu tækjabúnaðar sem er til aðstoðar í þessu ferli og tengslunum við lífstöðvarnar þar sem atvikin gerðust sem reynt er að rifja upp og koma þannig á fullri heilsu og minni þeirra sem voru í sömu stöðu og ég.

Ég var ekki í langan tíma ómeðvitaður, heldur starfaði ég um mjög langt skeið í ríki Drottins, með fullri meðvitund og á mörgum reikistjörnum og hef ég því verið mjög upptekinn við að gefa upplýsingar um það sem fram fór.

Og vonast ég að mér takist hér í kvöld að lýsa því svo lítið og segja nafn mitt og annað slíkt.

Það má með sönnu segja að reynsla okkar er mismunandi sem vorum vaktir og frelsaðir úr þessu mikla ríki og eru hér plötur og skrár þar sem reynt er að veita upplýsingar og ég veit nú hvenær ég var uppi á jörðinni og man nú hvernig ég fór af frumlífs jörð minni og er það stundum erfitt, þar sem Jahve reynir að stöðva þetta ferli.

En vil ég sérstaklega lýsa starfi mínu og hvernig Jahve hefur skipt um aðferðir til að ná tökum á fólki, hvernig hann er að mestu hættur að leggja áherslu á það að fólk sæki kirkjur og er það hluti af hinu gamla samfélagi, þar sem boðskipti manna voru ekki mikil og aðeins maður á mann.

En mun hann hafa lýst því sjálfur hvernig beitt verður nýjum aðferðum og í samræmi við nútíma tækni ykkar og aðra nútíma tækni á slíkum frumlífs jörðum og framlífs hnöttum.

Á fyrstu framlífs hnöttum mínum átti ég að hanna slíka klefa sem, vorum við mörg sem sinntum því og þegar ég hafði lifað á tugum framlífs hnatta, var mér treyst fyrir erfiðari verkefnum og gerði ég uppreisn, sem var ástæðan fyrir því að ég var settur í geymslu hylki og meðal þeirra sem ekki var treyst fyrir vitundar ástandi í ríki Drottins.

Og hafði ég þar áður í mörgum framlífum mínum sinnt mörgum erfiðustu verkefnum sem snúast um það að hafa áhrif á hugarstarf manna á frumlífs hnöttum og víðar og taka þannig í burtu frjálsa viljann að þeir verða ekki varir við það, heldur verði þeim sagt hvað þeir eigi að gera með því að hafa áhrif á tísku og tíðaranda og fækka þannig möguleikum á skynsamlegum ákvörðunum og rökfestum, að menn séu undir stjórn Drottins þótt þeir sæki ekki kirkju og séu ekki trúræknir að eðlisfari en aðhyllist stjórnmálaflokka og almennar samfélags skoðanir sem ekki hleypa að möguleikunum á ákvarðanatöku út fyrir það sem Drottinn vill.

Og er það þessi nákvæma vinna sem við mörg hver sinntum á þeim síðustu framlífs hnöttum sem ég var á, áður en ég var settur í þetta ástand og gerði uppreisn gegn.

Og er það þannig á fjölmörgum framlífs hnöttum eins og ykkar framlífs hnetti og mörgum öðrum og á framlífs hnöttum einnig, hvernig þetta eru hinar nýju aðferðir sem Jahve notar.

Ég ætla nú að reyna að rifja upp framlíf mitt á gömlu jörðinni og áður en ég fer úr sambandinu og kveð.

Var ég hluti af hinu fræga samfélagi Sódómu og Gómorru á jörðinni fyrir langa löngu og er það víst hægt að segja að ástæðurnar hafi verið margar fyrir Drottinn að gera út af við okkur þar sem ekki var aðeins frjálslendi í ástamálum viðhaft og kynferðismálum og lausung heldur var aðal ástæðan fyrir því að borgum þessum var gjöreytt, vísindaframfarir voru orðnar miklar af þess tíma mælikvarða og ógnaði það Drottni og auk þess var sterk stjórn mála hreyfing gegn hinni Gyðinglegu trú og hefði það mjög breytt mannkynssögunni ef sú uppreisnaralda hefði borið ávöxt og umbreytt hinni fornu menningu í fornsögunni.

Og var beitt gereyðingarvopnum og óttast ég nú að ýmsir herforingjar í ríki Drottins, séu að reyna að hafa áhrif á jörðina gömlu í svipaða átt.

Var ég uppi um það bil tvö þúsund fyrir Krist í Mesapótamíu, því svæði og var þar blómleg menning, en miklar hörmungar, eyðileggingar í styrjöldum og ekki í fyrsta skipti sem Jahve notaði að vísu önnur vopn en kjarnorkuvopn en einnig eitthvað svipað en minni mengunar hættu en eyddi þó lífi.

En er nú reynt að hindra að þetta endurtaki sig, bæði á jörðinni og víðar, höfum við þó frétt af því að sumstaðar hafi orðið afturför og hningnum og þarf að berjast gegn því.

Nafn mitt er Jarek.

*Jarek.*

Já. Íranskur, forn Persi og var hér gerð mikil björgunar för, þar sem við komum á aðra hnetti og fengum tækifæri til að lifa upp á nýtt eftir að skákmeistarinn Fisher og fleiri fóru í þær ferðir.

Er ég nú allur að eflast og allir þeir sem hafa náð nokkuð góðum kröftum, hafa einnig getað hjálpað eins og ég og frætt, fyllt upp í myndina af þessu og er það mjög ólíkt samfélagi sem er hér nú, þar sem ég er staddur á framlífs hnetti og þar sem ég lifði áður.

Og nýfengið frelsi tekur langan tíma að meðtaka og notfæra sér og fagna ég því.

Ætla ég að reyna að svara ykkar spurningum ef að orkan leyfir, tveimur eða svo, fleiri spurningum.

*Hvað er það sem helst getur fengið hjálp handa Fisher, hann er hérna, hvað hefur helst fengið á, það sem þú varst að tala um koma á.*

Já það er gott fólk hér þar sem ég er staddur og vandinn felst í því að það er ólík menningin og reynt að halda því leyndu sem tilheyrir ríkinu sem ég kem úr.

Og það er, já það þyrfti að komast í samband við þau mannkyn, þessar jarðstjörnur sem hafa meiri reynslu í þessum samskiptum við þessa hnetti þar sem upplýsingum hefur ekki verið lekið, upplýsingar litlar, og hér hefur það ekki oft gengið að ná þeim upplýsingum.

*Já var Babylon upp á sitt besta þegar þú varst uppi í Mesapótamíu?*

Ja, já, það var ekki alveg þar sem ég var, já það var um það leiti.

*Sástu svifgarðana? og getur þú lýst þeim ef þú sást þá?*

Jaá ég, nokkurs konar áhöld, ég veit ekki hvort mér tekst það núna, ég reyni kannski að gera það síðar.

*Já, já.*

En byggt við fljótin og notuð önnur tækni, ég verða að reyna að lýsa því síðar, en kannski eina spurningu.

*En lagðir þú einhverja stund á stjörnufræði eins og gert var á þessum tíma?*

*Eða þekktir þú til þeirrar iðkunnar?*

Já ég þekkti svo lítið til, en það var ekki á mínu verk sviði en við þurftum að mæla eftir stjörnum, bæði út frá tíma mælingum og spádómum og það var margt miðað við stjörnufræðina og þurftum flest að kunna einhver skil á því.

Og það voru nokkur atriði í því kerfi sem ég lærði síðar að voru ekki alveg að ganga upp og þurfti að leiðrétta með tímanum.

*Já.*

Merkilegt en þetta voru kölluð æðri vísindi hjá okkur og spádómar mikið tengdir við þessi fræði og sumt sem ekki, sem var talið úrelt síðar.

*Já.*

En þekkti ég marga í þeim sal þar sem unnið var að því þar í frumlífi mínu og já, þakka ykkur fyrir verð ég nú að kveðja en reyni að koma þessu að síðar ef ég kemst í sambandið, hún er farin að dofna orkan.

Þakka ég kærlega fyrir og vona að mér gangi vel að eflast og ykkur sumuleiðis og gangi vel á gömlu jörðinni, verið þið sælir.

*Vertu blessaður og takk fyrir komuna og gangi þér vel.*

Takk fyrir.